



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

b.t. nefndarsvid@althingi.is

Reykjanesbær, 10. október 2018

Efni: Umsögn Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019. 149. löggjafarþing 2018-2019, 1. mál.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur fengið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019.

Sveitarfélög á Suðurnesjum vilja vekja athygli fjárlaganefndar á því að um langt árabil hafa fjárframlög hins opinbera til stofnana og verkefna á svæðinu verið lægri en til sambærilegra verkefna og stofnana í öðrum landshlutum. Fjölgun íbúa á Suðurnesjum frá 2010 er rúmlega 26,45% en til samanburðar hefur fjölgun á höfuðborgarsvæðinu verið 11,86% og enn minni annarsstaðar á landinu. Það sem veldur fulltrúum sveitarstjórna á Suðurnesjum núna sérstökum áhyggjum er að fólksfjölgun á svæðinu hefur verið langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu öllu en aukning fjárframlaga ríkisins til stofnana og verkefna á svæðinu hefur á engan hátt fylgt þeirri þróun.

Í áætlanagerð ríkisins virðist ekki vera tekið nægjanlegt tillit til þeirrar óvenju miklu fólksfjölgunar sem orðið hefur á Suðurnesjum. Þá er ljóst að vegna umsvifa á svæðinu og lágs atvinnuleysis mun fjölgun íbúa á svæðinu halda áfram. Af þeim sökum þarf fjárlaganefnd að láta skoða sérstaklega fjárframlög ríkisins til opinberra stofnana og annarra mikilvægra verkefna á svæðinu til þess að íbúar búi við sömu þjónustu og íbúar annarra svæða landsins.

Helstu þættir sem þarf að skoða:

1. Vægi fólksfjölgunar í reiknilíkönum ráðuneyta til opinberra stofnana og með hvaða hætti tekið er tillit til breyttrar samfélagsgerðar eins og fjölgunar erlendra ríkisborgara.
2. Fjárframlög til að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
3. Fjárframlög til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, heilsugæslu og til hjúkrunarrýma.
4. Fjárframlög til Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum.
5. Hvort nýta megi hluta af söluandvirði eigna Kadeco til innviðafjárfestinga á Suðurnesjum.
6. Treysta rekstrarforsendur almenningsgangna á landi, þannig að tryggt sé að landshlutasamtök sveitarfélaga sitji ekki upp með uppsafnaðan rekstrarhalla í lok samningstíma.

Hjálögð er úttekt sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lét vinna fyrir sig á fjárlagafrumvarpinu sem leiðir í ljós að framlög ríkisins til verkefna á Suðurnesjum eru lægri en til sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum.




SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggur mikla áherslu á þær forsendur sem eru að baki þeim áætlunum er varða fjárframlög til Suðurnesja verði teknar til endurskoðunar. Ljóst er að þessar forsendur taka ekki tillit til slíkrar fólksfjölgunar sem verið hefur á Suðurnesjum á undanförunum árum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum minnir á að í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2018-2024 var samþykkt að koma á fót samráðsteymi til að bregðast við þeim áskorunum sem blasa við sveitarfélögum sem takast á við þenslu á vaxtarsvæðum. Eitt af verkefnum þess teymis hlýtur að vera að tryggja að fjármunir ríkisstofnanna t.d. til heilbrigðismála séu í takt við mannfjölgun á svæðinu.

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum


Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.



Ör fólksfjölgun á Suðurnesjum hefur aukið álag á stofnanir á svæðinu og framlög hafa ekki aukist í samræmi við hana

- Greining Aton fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum árið 2017 sýndi fram á skekkju í framlögum til svæðisins.
- Í útreikningum ríkisins á fjárframlögum til stofnana hefur ekki verið tekið tillit til raunverulegrar fjölgunar. Útreikningar ganga út frá meðaltölum þannig að þegar verulegt frávik verður frá meðaltali, líkt og á Suðurnesjum, verður til skekkja.
- Viðvarandi fólksfjölgun ár eftir ár þýðir að skekkjan verður meiri.
 - *Tökum dæmi af heilbrigðisstofnun og höfum frekar einfaldar forsendur:*
- Framlagið er aukið þar sem tekið er mið af launum og verðlagsbreytingum. Þegar kemur að mannfjölda er stuðst við meðaltal á landinu (1%). Síðan gæti verið gerð 0,5% aðhaldskrafa.
- Tillit er tekið til breytna eins og landfræðilegrar einangrunar, vegalenda og sérstakrar þjónustu.
- Ekki er tekið tillit til mikilvægra breytna eins og uppruna íbúa (innlendur/erlendur) sem skipta þó miklu máli þegar hugað er að uppbyggingu félagslegra innviða.
- Ekki er heldur tekið tillit til breytinga á mannfjölda umfram landsmeðaltal sem þó er gríðarlega mikilvæg breyta.




Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur staðið fyrir kynningu á þeim áskorunum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir vegna fólksfjölgunar

- Kynningarfundur fyrir íbúa í september 2017.
- Í framhaldinu voru helstu atriði úttektafjárinnar kynnt fyrir fjárlaganefnd Alþingis.
- Einnig kynnt fyrir ráðuneytum fjármála, dómsmála, menntamála, samgöngu og heilbrigðismála.
- Mikilvægt að á fundum með ráðuneytum kom fram viðurkenning á því að áætlanagerð ríkisins tekur ekki mið af hraðri íbúapróun á Suðurnesjum.
- Næstu skref að fá leiðréttingu á þessu.
- Sjáum merki um lagfæringar í nýju fjárlagafrumvarpi en þarf að gera enn betur.

3



Mannfjöldi: Breyting 2010 til 2018




Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfallsleg íbúafjölgun hefur orðið mest á Suðurnesjum frá árinu 2010

4






Íbúum á Suðurnesjum hefur frá 2015 fjölgað langt umfram þá 1% fjölgun á ári sem ríkið miðar við í áætlunum sínum




Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað um 5.592 á sjö árum og heldur áfram að fjölga



Dregið hefur verulega úr atvinnuleysi, en það hefur sigið aðeins upp á við

7



Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað um 3.780, 197,9%, sem er svipaður íbúarfjöldi og á Ísafirði


8



FRAMHALDSSKÓLAR

9


Frumvarp 2019: Framhaldsskólar með svipað hlutfall bóknáms/verknáms




Haimild: Fjárlagafrumvarp 2019

Framlög á hvern nemanda í FSS eru sambærileg við MK en mun lægri en til Fjölbrautaskóla Suðurlands.

10




Nemendum
fækkar
almennt á
milli ára en
framlög til
skólanna
aukast á móti



Í frumvarpi til
fjárlaga 2018 var
áætlun um 788
nemendaígildi
2019 en nýtt
frumvarp gerir ráð
fyrir 832

Ríkið þarf styðja betur við MSS

- Samningsbundið framlag til Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) eykst úr 22 milljónum í 23 milljónir á næstu árum en stöðin hefði þurft 9 milljón króna aukningu.
- MSS þarf að efla og þar eru möguleikar á að byggja upp enn frekar öflugt starf til að ljósinna ört vaxandi hópi erlendra ríkisborgara sem kjósa að starfa og búa á Suðurnesjum.
- Þarf að taka til sérstakrar skoðunar hvernig bæta má félagslega innviði til að takast á við íbúafjölgun og einnig fjölgun á erlendu fólki.
- Ríkið verður að koma miklu sterkar inn. Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rennur út um ármótin og því eru tækifæri með nýjum samningi til tryggja aukin framlög og ný verkefni.



Heimild: Ársakýrsla MSS 2017


13




HEILBRIGÐISSTOFNANIR

14






Framlög til heilbrigðisstofnana aukast almennt á milli ára




Framlög aukast um 12,8% til HSS á milli ára





Framlög á hvern íbúa aukast á öllu landinu en Suðurnes eru þó enn langt á eftir öðrum

17




Framlag á hvern íbúa hækkar á ný eftir að hafa lækkað mikið



18




REYKJANESBRAUT

19







Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Október 2018

23

